

Apríl 2020

Bréf til sveitarstjórnar Dalabyggðar.

Sæl,

Mér langar að tala við ykkur um gjaldskrá fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð, 3. gr.

Þar finnst mér þessir 3 verðflokkar undarlegir, og ósanngjarnir í það besta.

Flokkarnir eru 3 eins og áður segir,

| | | |
|--|-----|--------|
| a) Sauðfé ≤ 20 eða stórgripir ≤ 5 (blandaður bústofn 4 ær = 1 stórgripur) | kr. | 20.000 |
| b) Sauðfé 21 - 50 eða stórgripir 6-10 (blandaður bústofn 4 ær = 1 stórgripur) | kr. | 38.500 |
| c) Sauðfé > 50 eða stórgripir > 10 (blandaður bústofn 4 ær = 1 stórgripur) | kr. | 51.000 |

Fyrir mig, bónda með lítið bú sem telur 10 kindur og 16 hross, þá lendi ég í flokki c sem er hæðsti flokkurinn. Sami flokkur og 600 kindabú og 50 gripa kúabú sem dæmi. Það gefur því auga leið að ég er að greiða miklu meira á grip heldur en flest allir aðrir.

Til þess að kóróna þetta, þá hringdi ég einu sinni til þess að láta sækja til mín rollu sem drapst síðasta sumar og var þá sagt að grafa hana.

Það er allt í lagi að borga fyrir þjónustu, en borga fyrir þjónustu sem þú þarft sem betur fer sjaldan og næstum aldrei að nýta þér, jafn háa upphæð og stóru búin getur ekki talist sanngjarnt.

Að hestur og kú séu í sama flokki, finnst mér ekki ganga. Sem betur fer drepast hross sjaldan en bara við það að eiga 10 hross ertu komin í efsta flokk.

Misræmið er því orðið mikið milli býla. Tökum nokkur dæmi.

100 kinda bú fer í flokk C. Segjum að þau eigi engin hross. Þá þarf að greiða 510 kr. á grip.

600 kinda bú fer í flokk C. Segjum að þau eigi engin hross. Þá þarf að greiða 85 kr. á grip.

750 kinda bú fer í flokk C. Segjum að þau eigi engin hross. Þá þarf að greiða 68 kr. á grip.

Nú ef við tökum blönduð bú líka.

500 kindur og 10 hross fer í flokk C. Þá þarf að greiða 100 kr á grip.

300 kindur, 50 kúr og 15 hestar fer í flokk C. Þá þarf að greiða 140 kr á grip.

10 kindur og 16 hross fer í flokk C þá þarf að greiða 1.961 kr á grip

Í Borgarbyggð er allt öðrvísi uppsetning á þessu og kannski sanngjarnari. Þar er tildæmis hestur talinn sem 1 eining, kúr 1,5 og kind 0,2 eining. Þar er ódýrasti flokkurinn titlaður sem lítið bú og tekur 50 einingar en kostar að vísu 25.000 kr.

Er það stefnan hjá sveitarstjórn að útrýma smábændum í sveitarfélaginu eða bara að láta þá borga fyrir hina sem stórir eru?

Finnst ykkur þetta bara allt í lagi?

Ástvaldur Elísson, Hofkari.